

LÝRÍK OG DRAUMMAR ERU HLUTI AF RAUNVERULEIKANUM

Gangandi maður með bera höfuðkúpu, svífandi fiskar, dýrlingar, Breiðafjörðurinn og blóm í vasa.

Það er margslunginn myndheimur Helga Þorgils Friðjónssonar sem mætir gestum Kjarvalsstaða á sýningu sem var opnuð í gærkvöldi. Listamaðurinn, sem hélt um leið upp á fimmtugsafmælið, ræddi við EINAR FAL INGÓLFS-SON um málverkið og myndefnið.

VINNUSTOFU Helga Þorgils hallast stór málverk upp að veggjum, sum allt á fjórða metra á breidd.

Þarna er röð fimm verka, myndir af manni í fullri líkamsstærð á göngu á sandfjöru, það er nótt, hann er nakinn og höfuðkúpan ber, hann reiðir orf og ljá um öxl. Annað verk sýnir dagrenningu þar sem svanur flýgur yfir landið með mann og dreng á baki sér. Í öðru verki hella drengir vatni úr skýjum yfir landið; þá er þarna mynd af manni með þrískipt andlit og sár á síðu; og dýrlingurinn Sebastian með andlitsfall Helga sjálfs. Þegar færðar eru til minni myndir birtist myndröð af mannsandliti og hausum íslenskra flatfiska og í kössum eru fimmtíu og tvær litlar landslagsmyndir sem sýna allar sama sjónarhornið út úr vinnustofu Helga í sumarhúsinu á Fellsströndinni, málaðar á ólíkum árstímum síðasta árið.

Helgi segir að verkin á þessari sýningu, sem var opnuð á Kjarvalsstöðum í gær, séu líklega að jafnaði þau stærstu sem hann hefur málað. „Þetta er þriggja, fjögurra ára vinna sem ég er að sýna og ég hef verið að gera svona þrjú til fjögur stór verk á hverju ári, auk minni verkanna. Ég hugsaði mér þetta eiginlega frá upphafi sem heildstæða sýningu í stóran sal, þótt það sé bara rúmt ár síðan mér var boðið að halda hana á Kjarvalsstöðum.“

Hef alltaf verið stofumálari

Það er óhætt að segja að Helgi Þorgils gangi af krafti til verks. Hann er kominn á vinnustofuna meðan flestir borgarbúar sofa, hann malar þá í nokkrar klukkustundir, fer og syndir í Sundhöllinni klukkan sjö og snýr svo aftur og malar fram á síðdegð. Þá fer hann heim og vinnur þar gjarnan að skriftum, teiknar og malar með vatnslitum. Stundum er eins og hann sé í kapphlaupi við tímann, svo vel heldur hann áfram við sköpun verkanna, en nú var hann líka að keppast við að skapa heildstæðan myndheim fyrir þessa stóru áfangasýningu sem var opnuð í gær á fimmtugsafmæli Helga.

Þegar ég geng nú inn á vinnustofuna er Helgi



Morgunblaðið/Einar Falur

að mála uppstillingu með blómum á stóran striga, hátt í tveggja metra breiðan. Blómin eru að miklu leyti tilbúin, við hlið þeirra er A4-blað og á því snígill. Helgi er að þekja efri hluta strigans með bláum lit, svo tekur hann upp klút og þurrkar slettur af neðri hlutanum.

„Ég held að þetta verði bara góð mynd,“ segir hann, stígur aftur og virðir hana fyrir sér. „Ég ætlaði að fara út í að mála svona stóra blómauppstillingu fyrir um fimm árum, tengda mynd sem ég var þá að vinna, en lagði ekki í það þá, þetta er svo helvíti erfitt. Það er reyndar oft sem ég geng með mynd í langan tíma, svo allt í einu þá lýkst hún einhvernvegin upp og ég byrja á henni.“

– Þú ert að verða stofumálari; malar blóm- vendi.

Helgi hlær. „Ég hef náttúrlega alltaf verið stofumálari en stofurnar og eigendurnir ekki alltaf fallið að myndunum.“

Ég var að lesa viðtal við Alex Katz og hann segir að flestir samtímamenn hafi verið að mála niður fyrir sig en hann hafi hins vegar verið að mála „upp“. Katz segist hafa ákveðið að mála blómaseríu þegar allt var ómögulegt nema eitthvað popp- og mínimalkennt. Fyrir listheiminn var hann þá ruddalegur, afturhaldssamur og

hefðbundinn, segir hann. Það gerði hann á sama tíma ólíkan samtímalistamönnum sem voru raunverulega ruddalegir og írónískir, eða á einhvern hátt stuðandi gagnvart því sem var á undan.“

Gaman að eiga við það sem er útskúfað

– Getu þessi lýsingarorð Katz átt við um þín verk; ertu ruddalegur, afturhaldssamur og hefðbundinn?

„Sumir sjá þetta allt í verkum mínum. Írónískt eða kaldhæðis er frekar neikvætt orð. Að mínu mati væri það frekar eitthvað kímilegt vegna óvæntrar atburðarásar eða sjónarhorns í byggingu og öðru slíku. Ég hef meðvitað reynt að vinna með andstæðu þess að draga dár að hugmyndum manna, til dæmis um fegurð eða mannlegar athafnir, ég reyni frekar að varpa nýju ljósi á slíkar hugmyndir. Það er auðvelt að gera lítið úr og hlæja að smekk annarra en það er hins vegar erfitt að skilgreina smekk og velta fyrir sér af hverju menn hafa hann.“

Helgi segir að stór hluti af sínu starfi sé að fást við hefðir og vana sem búið hafa til menningarlegan samtíma. „Ég vinn með svör eða spurningar um hefðina, í samtali við hefðina.“

Maður tekst sífellt á við hefðina gagnvart og í samtímanum. Ég hika ekki við að taka frá öllum listamönnum það sem ég þarf, það getur verið Manzoni, Caravaggio, Gallen-Kalela eða Jón Stefánsson, en ég er hins vegar uppi á öðrum tíma og það breytir öllu.

Þegar ég var í listnámi bauð samtíminn að það mætti ekki mála. Það varð bara til þess að ég var enn staðfastari við það. Hluti af minni listsköpun er að mér finnst gaman að eiga við það sem hálfparinn er útskúfað og er á jaðrinum. Það er alltaf ástæða fyrir útskúfun og hún er aldrei rétt.

Þegar ég var í skóla töluðu samnemendur og tíðarandinn stíft niður til teikningarinnar og málverksins. Þetta var kallað handverk og sjálfsfróun og sumir urðu reiðir ef það var reynt, jafnvel illir. En ef menn hafa slíka afstöðu gagnvart ákveðnum athöfnum eða miðli, þá hlýtur þar að búa afl. Menn verða að halda áfram að velta hlutunum fyrir sér, sækja úr fortíð efnivið í samtíðina jafnframt því að leita nýrra leiða. Það er ekki hægt að velja sér bara að setjast á mjúka sessu og smeygja sér í það sem maður heldur að sé tíðarandinn og mjálma svo með kórnum, það er bara sátt og hugmyndalegur dauði.“